


«Tendraðu ljós og lestu með öllum Norðurlöndunum.»

HETJUR Á NORÐURLÖNDUM

12.11-18.11 2018

www.nordisklitteratur.org



VELKOMIN Á NORRÆNU BÓKMENNTAVIKUNA 2018

Árið 2018 bjóða Norrænu félagin börnum, unglingum og fullorðnum til Norrænnar bókmenntavíku og sameiginlegrar bókmenntaupplifunar. Víkuna **12. - 18. nóvember** verður upplestur á sömu bókunum á öllum Norðurlöndunum og Eystrasaltslöndunum, frá Grænlandi í vestri til Eystrasaltslandanna í austri. Upplestur fyrir börn og unglinga, **Morgunstund**, mun eiga sér stað klukkan 9 og upplestur fyrir fullorðna, **Rökkurstund**, verður klukkan 19. Tímasetningum er að sjálfsögðu hægt að hagræða eftir aðstæðum.

Möguleikar í Norrænu bókmenntavíkunni eru margir. Í þessu kveri verða kynntar hugmyndir fyrir leikskóla, skóla, bókasöfn og aðrar menningarstofnanir að spennandi og fjölbreyttri dagskrá í Norrænu bókmenntavíkunni 2017. Tillögunum er skipt niður eftir áheyrnarhópum. Það er vert að taka fram að aldur í þessu samhengi er bara tala og að hægt er að nota hugmyndirnar sem innblástur að verkefnum þvert á áheyrnarhópa.

Norræna bókmenntavíkan verður að þessu sinni haldin undir yfirskriftinni **Hetjur á Norðurlöndum** og af því tilefni býðst börnum, unglingum og fullorðnum að kynnast hetjum norrænna bókmennta. Árlega er valið nýtt þema fyrir Norrænu bókmenntavíkuna sem gegnir því hlutverki að vera innblástur að vali á upplestrarbókum ársins auk þess að vera sameiginlegur útgangspunktur hinna ýmsu viðburða.

Handbók fyrir ofurhetjur er skrifuð af sænsku hjónunum Elias og Agne Våhlund og er upplestrarbókin fyrir yngsta áheyrendahópinn. Bókin fjallar um Lísu sem er lögð í einelti af strákagengi í skólanum. Dag einn, þegar Lísa felur sig á bókasafninu fyrir stríðnisþúkunum, uppgötvar hún dularfulla bók sem reynist vera handbók fyrir ofurhetjur sem sendir Lísu á þá vegferð að umbreytast í óstöðvandi ofurhetju.

Unglingabók ársins er **Hin ósýnilegu** (De som ikke finnes) eftir Norðmanninn Simon Stranger. Í bókinni kynnumst við Samuel, unglingi frá Ghana, sem hefur lagt upp í hættuför til Evrópu í von um að öðlast þar betra líf. Við hittum einnig hina norsku Emilie sem stendur skyndilega í þeim sporum að þurfa að taka siðferðislega flókna ákvörðun. Því hvað á maður til bragðs að taka þegar skilríkjalaus flóttamaður ber að dyrum?

Upplestrarbók hinna fullorðnu er skáldsagan **Íslenskir kóngar** eftir Einar Mát Guðmundsson. Bókin er safn ellefu frásagna af Knudsen-ættinni sem lesandinn fylgir eftir frá 18. öld og fram til okkar daga. Í bókinni ögrar Einar Mát staðalmynd hetjunnar og setur í staðinn plebba og þorpsfífl í hlutverk íslensku hetjanna.

Á vefsíðu Norrænu bókmenntavíku www.nordisklitteratur.org eru frekari upplýsingar um upplestrarbækur ársins, ásamt öðru efni sem hægt er að vinna með upplestrarstundunum.

Við óskum öllum skipuleggjendum og þátttakendum góðra bókastunda í Norrænu bókmenntavíkunni 2018.

Góðar lestrarstundir!

Sérstakar þakkir:

Kristin Magnúsdóttir, Heidi Lønne Grønseth, Kitty Rönnberg, Julia Brink, Annica Andersson, Merete Riber, Marjun Patursson, Mette Laustsen, Einar Mát Guðmundsson, Simon Stranger, Elias Våhlund og Agnes Våhlund, Rán Flygenring.



**PÚ GÆTIR
UNNIÐ
BÓK!**

LJÓSMYNDASAMKEPPNI Á INSTAGRAM OG FACEBOOK

Deildu upplifunum þínum í Norrænu bókmenn-
tavíkunni 2018 og sendu bestu myndirnar þínar í
ljósmyndasamkeppnina. Myndirnar skulu á einn
eða annan hátt endurspegla þema þessa árs, Hetjur
á Norðurlöndum. Vertu með, settu myndirnar þínar
inn á **Instagram** eða á **Facebook** og merktu þær
með **#nordisklitt18**. Öll innlegg eru með í samkepp-
ninni og sigurvegarinn vinnur bók að eigin vali eftir
einn af höfundum bóka þessa árs. Slepptu ímynd-
unaraflinu lausu og smelltu af!

**VERTU MEÐ OKKUR Á INSTAGRAM OG
FACEBOOK!**

Fylgdu okkur á Instagram og á Facebook. Þar
finnur þú einnig fleiri myndir, uppfærslur og
spennandi fréttir.



De fire vinderne fra sidste års fotokonkurrence med temaet Øer i Norden

MORGUNSTUND

UPPLESTUR FYRIR BÖRN OG UNGLINGA



Upplestrarstund barna og unglunga fer fram í morgunsárið. Myndasagan *Handbók fyrir ofurhetjur* eftir Elias og Agnes Váhlund er sérvalin fyrir upplestrarstund yngri barnanna. Á sama tíma verður ungmennabókin *Hin ósýnilegu* (De som ikke finnes) eftir Norðmanninn Simon Stranger lesin upp fyrir unglungana.

Upplifunin af upplestrinum byrjar áður en bókin er opnuð. Dragðu gluggatjöldin fyrir, deyfðu ljósin, kveiktu á kertum og skapaðu huggulega stemningu. Ef skjávarpi er til staðar er hægt að varpa upp mynd af bókarkápunum, veggspjaldi Norrænu bókmenntavikunnar eða myndskreytingum úr bókunum.

Bæði *Handbók fyrir ofurhetjur* og íslenskt textabrot úr *Hinum ósýnilegu* (De som ikke finnes) verða gerð aðgengileg á vefsíðu Norrænu bókmenntavikunnar 1. nóvember 2018.

HUGMYNDIR FYRIR BÖRN: UPPLESTRARSTUNDIR

UPPLESTUR HETJUNNAR

Hvað er betra en hetja sem kemur og les fyrir börnin? Fáðu innblástur frá hetjum bókmenntanna og klæddu þig upp sem slík. Til dæmis gæti upplesarinn klætt sig upp sem Rauða gríman eins og í upplestrarbókinni *Handbók fyrir ofurhetjur*. Á vefsíðu Norrænu bókmenntavikunnar er að finna einfalda uppskrift að heimagerðri hetjugrímu.



EFNDU TIL SAMVINNU VIÐ SKÓLANN EÐA BÓKASAFNIÐ

Norræna bókmenntavikan býður upp á fullkomið tækifæri til að styrkja samstarf á milli skóla og bókasafna. Sendu skólabeckjum boð um að koma á upplestrarstund á bókasafninu eða fáðu bókavörð í heimsókn til að lesa upp fyrir bekkinn.

LESTUR UTANDYRA

Í skammdeginu ver fólki tíma sínum mikið innandyra. Það er því góð hugmynd að halda upplestrarstundina úti. Klæðið ykkur vel, tyllið ykkur á trjástubb eða dýnu eða komið ykkur fyrir í leikgrindinni á skólalóðinni.

HUGMYNDIR FYRIR BÖRN: VIÐBURÐIR

TEXTAGREINING

Sökktu þér í textann með börnunum og spjallaðu við þau um umfjöllunarefni bókarinnar í skólastofunni eða á bókasafninu. Hvað er eiginlega sjóræningi? Hvers vegna er fjársjóðurinn falinn á eyju? Einnig er hægt að draga fram sérstök eða skemmtileg orð í textanum. Skrifaðu orðin á blöð og hengdu þau upp á töflu.



HVAÐA HETJUR ERU Á VEGGSPJALDINU?

Prentaðu út veggspjald Norrænu bókmenntavikunnar 2018. Fáðu börnin til að skoða veggspjaldið vel og segja frá því hvaða hetjur þau koma auga á. Verkefnið getur bæði verið skriflegt og munnlegt.

NORRÆNT ÞEMA

Notaðu Norrænu bókmenntavikuna sem útgangspunkt til að spjalla og læra um Norðurlöndin. Hvernig líta fánar þeirra út? Hvaða heita höfuðborgirnar og hver eru þjóðardýr einstaka þjóða? Á vefsíðu Norrænu bókmenntavikunnar er að finna tilbúinn spurningaleik um Norðurlöndin.

EINELTI

Í bókinni *Handbók fyrir ofurhetjur* kynnumst við Lísu sem er strítt af þremur strákum úr bekknum og bókin er því tilvalinn útgangspunktur fyrir spjall um einelti og stríðni. Hvað myndu börnin segja við Lísu ef þau yrðu vitni að því að henni væri strítt? Hvernig myndu börnin sjálf bregðast við ef einhver stríddi þeim eða bekkjarsystkinum þeirra? Við mælum með því að að hafa verkefnið skriflegt þar sem efnið er hugsanlega of viðkvæmt fyrir samræðu í hóp.

PERSÓNAN AÐ BAKI GRÍMUNNI

Það þarf ekki mikið til svo að manni líði eins og alvöru ofurhetju. Á vefsíðu Norrænu bókmenntavikunnar er að finna einfaldar leiðbeiningar til að búa til hetjugrímu sem byggir á rauðu grímu hetjunnar í bókinni *Handbók fyrir ofurhetjur*.

TEIKNADU ÞÍNA EIGIN OFURHETJU

Taktu til ritföng og segðu börnunum að teikna sína eigin ofurhetju. Hvaða ofurkrafta hefur hetjan? Hver er persónan á bakvið hetjuna? Hengið teikningarnar upp og búið til sýningu í Norrænu bókmenntavikunni.

NORÐURLANDAHORN

Settu upp horn á bókasafninu eða skólastofunni með norrænum bókum um hetjur. Hengdu upp veggspjald Norrænu bókmenntavikunnar 2018, stilltu bókunum upp ásamt öðrum norrænum bókmenntum. Fáðu gestina til að teikna myndir með þemanu *Hetjur á Norðurlöndum* og hengdu þær upp sem hluta af uppstillingunni.

HUGMYNDIR FYRIR UNGLINGA: UPPLISTRARSTUND

BEKKJARUPPLESTUR

Nýtið Norrænu bókmenntavikuna til að setja upplestur í forgrunn. Fáid sjálfboðaliða úr bekknum til að lesa upp ólíka textabúta úr *Hinum ósýnilegu* (De som ikke finnes) fyrir bekkinn.

SAMVINNA VIÐ SKÓLA EÐA BÓKASAFN

Norræna bókmenntavikan býður upp á fullkomið tækifæri til að styrkja samstarfið á milli skóla og bókasafna. Sendu skólabekkjum boð um upplestrarstund á bókasafninu eða fáðu bókavörð til að lesa upp í bekknum.

HUGMYNDIR FYRIR UNGLINGA: VIÐBURÐIR

SKAPAÐU NORRÆNA HETJU

Á bókasafninu leynast óteljandi hetjur í hillunum. Á vefsíðu Norrænu bókmenntavikunnar er að finna lista af bókum sem hafa hetju í aðalhlutverki. Veljið eina af þessum hetjubókum, skrifið stuttan texta um hetjuna og spjallið saman í bekknum um þær hetjur sem þið hafið fundið. Hverjar eru þær? Hvers vegna eru þær hetjur? Hvaða viðtökur hefðu þær fengið ef þær hefðu verið uppi árið 2018?

RITSMÍÐJA

Ganga ungu áheyrendurnir kannski með rithöfund í maganum? Þjóðið rithöfundi í heimsókn og haldið ritsmíðju með ungu höfundunum. Skrifið til dæmis sögu um andhetju. Hvernig væri að ljúka Norrænu bókmenntavikunni 2018 með upplestri á þeirra eigin hetjusögum?

KYNNTU NORÐURLANDAMÁLIN

Kaflinn úr *Hinum ósýnilegu* (De som ikke finnes) verður aðgengilegur á vefsíðu Norrænu bókmenntavikunnar á flestum Norðurlandamálunum. Samtvinnuðu upplesturinn við tungumálakennsluna með því að lesa kaflann upp á öðru tungumáli. Spreyttu þig á því að þýða textann yfir á annað norrænt tungumál og bera svo þýðinguna þína saman við þá útgáfu sem þegar hefur verið þýdd. Einnig er hægt að velja nokkrar málsgreinar og bera saman bókstafi, orð og setningar á milli tungumála.

LÍÐSLESTUR

Safnið liði og farið um skólann eða bókasafnið með upplestarbækurnar í farteskinu. Breiðið út bókmenntirnar og látið unglिंगana lesa upphátt fyrir yngri börnin. Þeir hugrökkustu gætu lesið fyrir heilan bekk í einu.



TEXTAGREINING

Sökktu þér ofan í textann og ræddu hann í bekknum. Láttu ungu áheyrendurna skrifa samantekt kaflans og ræðið einkenni og stílbrögð textans. Einnig geta nemendurnir lesið textann sjálfir og valið málsgreinar sem hreyfa við þeim á einn eða annan hátt. Skiptu nemendum upp í hópa til að ræða hvaða þælingar málsgreinarnar vekja með þeim. Hvað gerir þessar málsgreinar áhugaverðar?

NORDEN I SKOLEN

Norden i Skolen er ókeypis vefgátt fyrir kennara og nemendur sem vilja vinna með þemu eins og tungumál og menningu eða veðurfar og náttúru. Stofnaðu notandasíðu á www.nordeniskolen.org og fáðu aðgang að margvíslegu efni sem þú getur nýtt í bókmenn-tavikunni. Þar er til dæmis að finna yfir 70 norrænar stutt- og heimildarmyndir fyrir börn og unglinga.

SÖGUR Á FLÓTTA

Í bókinni *Hin ósýnilegu* (De som ikke finnes) kynnumst við unglíngnum Samuel frá Ghana sem kemur til Noregs sem skilríkjalaus flóttamaður. Bókin setur fókus á aðstæður skilríkjalausra flóttamanna í Evrópu og gefur tækifæri til að setja þetta samfélagsmál á dagskrá í skólastofunni. Þjóðið til dæmis hælisleitanda í heimsókn og samtvinnið upplestrarstundina við frásögn hans af ferðalagi sínu til Norðurlandanna.

KVIKMYNDAGERÐ

Leggðu út frá textabrotinu úr *Hinum ósýnilegu* (De som ikke finnes) og búðu til stuttmynd út frá senu í bókinni, t.d. þegar Samuel bankar á svefnherbergisglugga Emilie. Skiptu bekknum í minni hópa og ljúkið Norrænu bókmenn-tavikunni með kvikmyndasýningu á stuttmyndum hópanna.

HVER ER HETJAN?

Skiptu bekknum í 3 - 4 manna hópa. Segðu hverjum hópi að velja hetju á veggspjaldinu sem hann þekkir ekki. Verkefnið er að finna út hver hetjan er, úr hvaða bók hún er og hvers vegna hún er skilgreind sem hetja.



RÖKKURSTUND

UPPLESTUR FYRIR FULLORÐNA



Rökkurstund er upplestrarstund fyrir fullorðna og fer fram í nóvembermyrkrinu. Upplestrartexti ársins er fenginn úr skáldsögunni *Íslenskir kóngar*, eftir Einar M. Guðmundsson. Upplifunin hefst áður en bókin er opnuð. Dragðu gluggatjöldin fyrir, deyfðu ljósið, kveiktu á kertum og fangaðu stemningu stundarinnar. Ef skjávarpi er til staðar er hægt að varpa upp mynd af bókarkápunum, veggspjaldi Norrænu bókmenntavikunnar eða myndskreytingum úr bókunum.

Textabrot úr skáldsögunni *Íslenskir kóngar* mun verða aðgengilegt á vefsíðu Norrænu bókmenntavikunnar frá 1. nóvember nk.

HUGMYNDIR FYRIR FULLORÐNA

SAMTVINNAÐU UPPLESTURINN ÖÐRUM VIÐBURÐUM Á BÓKASAFNINU

Eruð þið með tungumálakaffi, sögustundir fyrir börn, prjónakaffi eða bókaklúbb á bókasafninu? Nýttu tækifærið og lestu upp úr norrænum bókum við þessi tilefni og gerðu þessa viðburði að dagskrárliðum Norrænu bókmenntavikunnar!

GÖTULESTUR

Þjóðið áhugafólki um upplestur - leiklistarhópum og þess háttar - og skipuleggið upplestur á óvæntum stöðum á meðal almennings. Taktu þér bók í hönd, farðu á ólíka staði og lestu upp þar sem fólk á síst von á. Kyndlar utandyra í nóvembermyrkrinu skapa huggulega stemningu við upplesturinn.

NORRÆNIR TÓNAR

Spilaðu norræna tónlist til að gera upplestursviðburðina fjölbreyttari. Skipuleggðu litla tónleika með norrænum tónlistarmönnum eða samsöng með norrænum vísum og þjóðlögum.



BOÐ TIL RITHÖFUNDAR EÐA FYRIRLESARA

Tengdu saman upplestrarstund og heimsókn höfundar á bókasafnið, til dæmis frá einum höfunda þeirra bóka sem tilnefndar eru til Bókmenntaverðlauna Norðurlandaráðs eða Barnabókmenntaverðlauna Norðurlandaráðs. Það er einnig hægt að bjóða öðrum rithöfundum sem haft hefur hetju í forgrunni í skrifum sínum.

NORRÆNT GESTABOÐ

Bjóðið til huggulegrar veislu og útbúið hefðbundinn norrænan mat saman. Hvað með að prófa að sig á norskum rømmegrøt, dönsku smurbrauði eða karelískum bökkum frá Finnlandi?

SÝNIÐ ÍSLENSKA MYND

Samtvinnið upplestrarstundina með kvikmyndasýningu á íslenskri kvikmynd. Til dæmis væri hægt að sýna *Engla alheimsins* (2000) sem byggð er á samnefndri bók eftir Einar M. Guðmundsson.



LISTAVERK ÁRSINS HETJUR Á NORDURLÖNDUM

Veggspjald ársins er teiknað af íslenska listamanninum **Rán Flygenring**. Ísland fagnar 100 ára fullveldi sínu í ár og Norræna bókmenntavikan hefur af því tilefni valið íslenskan listamann sem höfund veggspjaldsins. Prentið veggspjaldið út af vefsíðunni og notið til auglýsinga á viðburðum í Norrænu bókmenntavíkunni.

